

## REGLUR BYGGÐASTOFNUNAR UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

### 1. gr. Almenn

Það er stefna Byggðastofnunar að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og koma í veg fyrir að þjónusta Byggðastofnunar sé misnotuð í slíkum tilgangi. Reglurnar byggja á þeirri stefnu og lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum.

Þær skyldur sem kveðið er á um í reglum þessum gilda um sérhvern starfsmann Byggðastofnunar og stjórnarmenn.

Ábyrgðarmaður Byggðastofnunar skv. 34. gr. laga nr. 140/2018 er Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs.

### 2. gr. Tilgangur

Starfsmenn Byggðastofnunar skulu þekkja deili á þeim viðskiptavinum sem þeir veita þjónustu og gæta þess að Byggðastofnun búi yfir fullnægjandi upplýsingum um viðkomandi viðskiptavin.

Starfsmenn skulu gæta þess að þeir sem koma fram fyrir hönd viðskiptavinar hafi fullnægjandi umboð til þess. Starfsmenn sem hafa umsjón með viðskiptasamböndum við lögaðila skulu leggja sig framvið að skilja tilgang og eignarhald lögaðilans og þekkja hvaða einstaklingar stýra honum í raun.

Starfsmenn skulu ætíð vera á varðbergi gegn óeðlilegum eða grunsamlegum viðskiptum eða háttum viðskiptavina og tilkynna ábyrgðarmanni ef upp kemur grunur um að viðskipti kunni að tengjast refsiverðu lögbroti. Starfsmenn skulu leita eftir ráðgjöf og stuðningi ábyrgðarmanns eftir þörfum.

### 3. gr. Áhættumat

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 140/2018 skal Byggðastofnun gera áhættumat á rekstri sínum og viðskiptum. Matið skal innihalda skriflega greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skal m.a. taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum. Við gerð áhættumats ber stofnuninni að hafa áhættumat Ríkislögreglustjóra skv. 4. gr. laganna til hliðsjónar. Áhættumat skal taka mið af stærð, eðli og umfangi starfsemi Byggðastofnunar og vera notað við áhættumiðað eftirlit með samningssamböndum og viðskiptum.

### 4. gr. Áreiðanleikakönnun - Tilgangur

Tilgangurinn með framkvæmd áreiðanleikakönnunar er margþættur. Megintilgangurinn er að afla upplýsinga um viðskiptavin svo stofnuninni sé kleift að meta hvort hún megi eða vilji eiga í viðskiptasambandi við viðkomandi aðila, svo sem vegna viðskiptaþvingana eða orðsporsáhættu tengdri hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Þá felur ferlið í sér öflun tiltekinn grunnupplýsinga um viðskiptavin og tilgang viðskipta, sem eru stofnuninni nauðsynlegar til að viðhalda eðlilegu viðskiptasambandi. Loks er áreiðanleikakönnun ætlað að tryggja að aðili sé sá sem hann segist vera og hafi heimild til að stofna til viðskipta. Óheimilt er að stofna til viðvarandi viðskiptasambands við aðila, eða eiga einstök viðskipti við aðila sem er ekki í viðvarandi viðskiptasambandi við stofnunina nema framkvæmd hafi verið áreiðanleikakönnun sem uppfyllir skilyrði reglna þessara.

### **5. gr. Áreiðanleikakönnun - Skylda**

Skylt er að framkvæma áreiðanleikakönnun við upphaf viðvarandi samningssambands, t.d. við útgreiðslu láns og þegar aðili sem er ekki í viðvarandi viðskiptasambandi við stofnunina hyggst eiga viðskipti að jafnvirði EUR 15.000 eða meira, t.d. vegna eignakaupa eða leigu eða annarrar þjónustu.

Jafnframt skal framkvæma áreiðanleikakönnun þegar grunur leikur á um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, án tillits til hvers konar undanþága eða takmarkana og þegar vafi leikur á því að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann eða raunverulegan eiganda séu réttar eða nægilega áreiðanlegar.

### **6. gr. Reglubundið eftirlit:**

Byggðastofnun skal hafa reglulegt eftirlit með samningssambandi við viðskiptamenn til að tryggja að þau séu í samræmi við fyrirliggjandi upplýsingar og áhættumat. Þetta skal gert með því að kalla eftir og uppfæra upplýsingar um viðskiptamenn sem aflað er á grundvelli 7. gr. hið minnsta á tveggja ára fresti. Verði breyting á högum viðskiptamanns skal ábyrgðarmaður meta í hverju tilviki fyrir sig hvort ástæða sé til að endurmeta viðskiptasamband eða hvort ástæða sé til að endurtaka áreiðanleikakönnun skv. 7.-9. gr. eða hvort ástæða sé til að tilkynna viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Reglubundið eftirlit fer einnig fram til að greina frávik og grunsamleg viðskipti, sem geta verið forsenda tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Byggðastofnun er lánastofnun sem rekur útlánastarfsemi en tekur ekki við innlánnum. Samkvæmt áhættumati stofnunarinnar, sem byggir á áhættumati ríkislögreglustjóra, er áhætta vegna útlánastarfsemi metin miðlungs áhætta. Samkvæmt áhættumati RLS felst meginhætta á peningabætti tengdu útlánastarfsemi í endurgreiðslu lána með ágóða af brotastarfsemi. Samkvæmt áhættumati er sú áhætta metin lítil í starfsemi Byggðastofnunar.

Með hliðsjón af þessu skal Byggðastofnun fylgjast með frávikum í greiðsluflæði viðskiptavina sinna og greina, s.s. uppgreiðslum lána þegar þær eiga sér stað, sem og verulegum greiðslum inn á höfuðstól lána umfram skyldu. Rekstrarsvið tilkynnir ábyrgðarmanni og forstjóra um slíkar greiðslur. Ef greiðslur berast frá öðru innlendu fjármálafyrirtæki og bera með sér að vera hluti endurfjármögnunar viðskiptamanns skal ábyrgðarmaður grípa til réttmætra ráðstafana til þess að staðreyna viðkomandi upplýsingar, e.a. með samráði við viðkomandi fjármálastofnun og meta hvort frekari aðgerða er þörf.

Berist greiðsla annars staðar frá skal ábyrgðarmaður kanna uppruna hennar sérstaklega, eftir atvikum í samráði við skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og grípa til réttmætra ráðstafana til þess að staðreyna allar upplýsingar varðandi þá fjármuni sem notaðir voru, t.d. með skoðun fjárhagsupplýsinga viðskiptamanns (ársreikninga), fyrirspurnum til viðskiptamanns sjálfs og/eða viðskiptabanka hans. Leiki grunur á að um sé að ræða fjármuni sem rekja megi til refsiverðrar háttsemi skal það tilkynnt til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sbr. 21. laga nr. 140/2018.

Ábyrgðarmaður skal halda skrá yfir uppgreiðslur/greiðslur umfram skyldu og viðbrögð við þeim.

Byggðastofnun er óheimilt að bjóða upp á nafnlaus viðskipti og tekur ekki við greiðslum í reiðufé.

### **7. gr. Áreiðanleikakönnun - Framkvæmd**

Áður en samningssambandi er komið á eða áður en viðskipti eiga sér stað skal Byggðastofnun gera kröfu um að:

- a. einstaklingar sanni á sér deili með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja,
- b. lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða sambærilegir aðilar sanni á sér deili með upplýsingum úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá með heiti, heimilisfangi og kennitölu eða sambærilegum upplýsingum; prókúruhafar og aðrir þeir sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar gagnvart fjármálafyrirtæki, þ.m.t. framkvæmdastjórar og stjórnarmenn, skulu sanna á sér deili skv. a-lið,
- c. aðilar sem koma fram fyrir hönd fjárvörslusjóðs eða sambærilegs aðila, þ.e. fjárvörsluaðilar, veiti Byggðastofnun upplýsingar um raunverulega eigendur; þeir skulu jafnframt að eigin frumkvæði upplýsa Byggðastofnun um stöðu sína sem fjárvörsluaðili,
- d. þeir sem koma fram fyrir hönd þriðja aðila sýni fram á að þeir séu réttilega að prókúru eða sérstakri heimild komnir og sanni á sér deili skv. a-lið,
- e. fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um raunverulegan eiganda og hann hafi sannað á sér deili í samræmi við a-lið.

Byggðastofnun kann að gera auknar kröfur við upplýsingaöflun samkvæmt þessari grein áður en stofnað er til viðskipta.

Leggja skal sjálfstætt mat á hvort upplýsingar um lögaðila og raunverulegan eiganda séu réttar og fullnægjandi. Uppgefnar upplýsingar skulu sannreyndar með samanburði við upplýsingar samkvæmt opinberri skrá, áreiðanlegri upplýsingaveitu eða síðasta ársreikningi, eftir því sem unnt.

Samkvæmt verkferlum skulu einstaklingar skulu sanna á sér deili með viðurkenndu persónuskilríki með kennitölu og mynd og útvega Byggðastofnun afrit af því. Sama gildir um stjórnendur lögaðila í viðskiptum við stofnunina. Afrit af skilríkjum geta verið mynd af þeim þar sem greinist nafn, kennitala og mynd af viðkomandi.

Leggja skal fram vottorð úr fyrirtækjaskrá sem sýnir eignarhald lögaðila, eða heimila starfsmönnum Byggðastofnunar að afla slíks vottorðs.

Byggðastofnun aflar vottorðs um stjórn mála tengsl umsækjenda og ef umsækjandi er fyrirtæki þá stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og eigenda sem ráða yfir 25% hlutfjár þess eða meira.

Vottorð og afrit/ljósmynd af persónuskilríkjum skulu liggja fyrir áður en stofnað er til samningssambands, t.d. með útgáfu skuldabréfs.

Ásamt því að framkvæma áreiðanleikakönnun á öllum nýjum viðskiptamönnum skal Byggðastofnun kanna áreiðanleika upplýsinga um núverandi viðskiptamenn sem ekki hafa hlotið áreiðanleikakönnun áður, þegar breytingar verða á samningssambandinu eða einstökum þáttum þess. Áreiðanleikakönnun skal ávallt vera framkvæmd á grundvelli áhættumats skv. 3. gr. og styðjast skal við allar nauðsynlegar upplýsingar.

Staðfesta skal framkvæmd áreiðanleikakönnunar og könnun upplýsinga í umsjónarblaði vegna viðkomandi lána.

### **8. gr. Heimild til að gera einfaldaða áreiðanleikakönnun**

Samkvæmt áhættumati fyrir Byggðastofnun skv. 5. gr. laga nr. 140/2018 og 3. gr. reglna þessara er áhætta á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi stofnunarinnar metin lítil. Með hliðsjón af því er Byggðastofnun heimilt að beita einfaldri áreiðanleikakönnun samkvæmt 12. gr. laga nr. 140/2018 í samræmi við áhættumatið og reglugerð um áreiðanleikakönnun nr. 745/2019.

Við einfaldaða áreiðanleikakönnun skal Byggðastofnun afla upplýsinga um og staðfesta þá þætti sem nefndir eru í 6. gr. reglna þessara, en heimilt er að aðlaga umfang eða tíðni þessara þátta að niðurstöðu áhættumatsins t.d. með því að:

- Fresta því hvenær deili á viðskiptamanni og raunverulegum eiganda eru sannreynd.
- Gera ekki jafn miklar kröfur og ella til þess hvaðan upplýsingar til að sanna eða staðfesta deili á viðskiptamanni eða raunverulegum eiganda eru fengnar, t.d. afla upplýsinga af heimasíðu þegar um opinberar stofnanir er að ræða.

Framkvæmd einfaldaðrar áreiðanleikakönnunar getur einnig falist í því að upplýsingar um áreiðanleika viðskiptamanns eru uppfærðar sjaldnar en ella, t.d. þannig að þær séu eingöngu uppfærðar við tilteknar aðstæður, svo sem þegar viðskiptavinur fær skuldbreytingu eða þegar tilteknum viðmiðunarmörkum er náð. Tilkynningarskyldir aðilar þurfa þó að tryggja að slík aðlögun feli ekki í sér að upplýsingar um áreiðanleika viðskiptamanns séu aldrei uppfærðar

### 9. gr. Aukin áreiðanleikakönnun

Byggðastofnun skal beita aukinni áreiðanleikakönnun þegar um er að ræða:

- a. viðskipti við einstaklinga, lögaðila, fjárvörslusjóði eða sambærilega aðila þegar viðkomandi er staðsettur í áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki,
- b. tilvik skv. 14.–17. gr. laga nr. 140/2018, eða
- c. önnur tilvik en skv. a- eða b-lið þegar áhættumat gefur til kynna mikla áhættu.

Skrá skal sérstaklega að viðskiptavinur lúti auknum kröfum við framkvæmd áreiðanleikakönnunar, nema hin aukna áreiðanleikakönnun leiði í ljós að aðili teljist ekki eiga að falla undir auknar kröfur.

### 10. gr. Verkferlar vegna áreiðanleikakönnunar

Þessir verkferlar eiga við við upphaf viðvarandi samningssambands (s.s. lánveitingar, leigusamninga) og veruleg einskisviðskipti (yfir 100 mkr), reglubundið eftirlit skv. 6. gr. og skuldbreytingar á eldri lánnum. Þeir eiga ekki við þá starfsemi Byggðastofnunar sem er ótengd hlutverki hennar sem fjármálastofnunar.

Samkvæmt áhættumati, stefnu og reglum Byggðastofnunar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt lögum nr. 140/2018 ber Byggðastofnun að þekkja viðskiptavini sína og framkvæma áreiðanleikakönnun þegar stofnað er til nýrra viðskipta.

Markmið áreiðanleikakönnunar er að leiða í ljós hver viðskiptavinur er og, í tilfelli lögaðila, hverjir fara með stjórn hans og eignarhald. Um áreiðanleikakönnun er fjallað í 1. mgr. 10 gr. laga nr. 140/2018 og reglugerð nr. 745/2019.

Einstaklingar skulu sanna á sér deili með viðurkenndu persónuskilríki með kennitölu og mynd og útvega Byggðastofnun afrit af því. Sama gildir um stjórnendur lögaðila í viðskiptum við stofnunina. Afrit af skilríkjum geta verið mynd af þeim þar sem greinist nafn, kennitala og mynd af viðkomandi.

Leggja skal fram vottorð úr fyrirtækjaskrá sem sýnir eignarhald lögaðila, eða heimila starfsmönnum Byggðastofnunar að afla slíks vottorðs.

Vottorð og afrit/ljósmynd af persónuskilríkjum skulu liggja fyrir áður en stofnað er til samningssambands, t.d. með útgáfu skuldabréfs.

**Einfölduð áreiðanleikakönnun:** Samkvæmt áhættumati er hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka metin lítil í rekstri Byggðastofnunar og er stofnuninni því heimilt að framkvæma einfaldaða áreiðanleikakönnun. Við einfaldaða áreiðanleikakönnun skal Byggðastofnun afla upplýsinga um og staðfesta þá þætti sem nefndir eru hér áður og í 1. mgr. 10. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en heimilt er að aðlaga umfang eða tíðni þessara þátta að niðurstöðum áhættumats í samræmi við IV. kafla reglugerðar nr. 745/2019.

**Aukin áreiðanleikakönnun:** Byggðastofnun skal beita aukinni áreiðanleikakönnun samkvæmt 13. gr. laga nr. 140/2018 þegar um er að ræða viðskipti við einstaklinga, lögaðila, fjárvörslusjóði eða sambærilega aðila þegar viðkomandi er staðsettur í áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki, samkvæmt lista sem FME birtir tilkynningaskyldum aðilum. Aukin áreiðanleikakönnun skal að lágmarki fela í sér að:

- a. afla aukinna upplýsinga um viðskiptamann og raunverulegan eiganda,
- b. afla aukinna upplýsinga um fyrirhugað eðli samningssambandsins,
- c. afla upplýsinga um uppruna fjármuna og uppruna auðs viðskiptamanns og raunverulegs eiganda,
- d. afla upplýsinga um tilgang fyrirhugaðra viðskipta eða þegar framkvæmdra viðskipta,
- e. afla samþykkis frá yfirstjórn áður en stofnað er til viðskipta eða til áframhaldandi viðskipta, ef til þeirra hefur verið stofnað nú þegar,
- f. hafa aukið reglubundið eftirlit með samningssambandinu með því að fjölga úttektum og þeim aðferðum sem er beitt við eftirlit og skoða sérstaklega óvenjuleg viðskiptamynstur,
- g. fara fram á að fyrsta greiðsla sé innt af hendi í nafni viðskiptamanns og af reikningi sem hann hefur sjálfur stofnað til í starfandi fjármálafyrirtæki sem sætir sambærilegum kröfum um áreiðanleikakönnun og kveðið er á um í lögum þessum.

Aukin áreiðanleikakönnun skal einnig framkvæmd þegar viðskiptavinur er í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla. Til þess hóps teljast þeir sem eru eða hafa verið háttsettir í opinberri þjónustu, nánasta fjölskylda þeirra og einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra.

Sé viðskiptamaður eða raunverulegur eigandi í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla skulu tilkynningarskyldir aðilar, til viðbótar við venjubundna áreiðanleikakönnun:

- a. fá samþykki yfirstjórnar áður en stofnað er til samningssambands eða viðskipta eða þeim er haldið áfram,
- b. grípa til viðeigandi ráðstafana til að kanna uppruna auðs viðkomandi og uppruna þeirra fjármuna sem notaðir eru í samningssambandinu eða viðskiptunum,
- c. hafa aukið reglubundið eftirlit með samningssambandinu.

Vottorð og afrit af persónuskilríkjum skulu geymd með frumgögnum í lánapoka og afrit í skjalakerfi stofnunarinnar.

Stofna skal möppu í ONE, undir hverjum viðskiptavini, sem skal verða nefnd „Skilríki“.

Öflun gagna fer fram við útsendingu lánsloforðs og þau skulu liggja fyrir við útgáfu skuldabréfs eða viðauka. Greina skal frá því í umsjónarblaði viðkomandi láns hvort framkvæmd hafi verið áreiðanleikakönnun og hvers eðlis hún var.

### 11. gr. Varðveisla gagna.

Byggðastofnun skal varðveita öll eftirfarandi gögn og upplýsingar, þar á meðal upplýsingar sem aflað hefur verið með rafrænum hætti, í að lágmarki fimm ár frá því að samnings-sambandi lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað:

- a. gögn, upplýsingar og rökstuðning fyrir áhættuflokkun viðskiptamanna,
- b. gögn og upplýsingar sem aflað var við áreiðanleikakönnun viðskiptamanna og hvaðan þeirra var aflað,
- c. rökstuðning fyrir því hvers vegna aukinni áreiðanleikakönnun eða einfaldaðri áreiðanleika-könnun var beitt,
- d. viðbótarupplýsingar sem aflað er á meðan samningssamband varir,
- e. samþykki yfirstjórnar, þar sem það á við.

Gögn samkvæmt 1. mgr. skulu varðveitt með þeim hætti að unnt sé að afhenda eftirlitsaðila þau án tafar sé þess óskað.

Gögnum sem varðveitt eru í samræmi við 1. mgr. skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til varðveislu þeirra í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Eftirlitsaðilar samkvæmt lögum nr. 140/2018 og skrifstofa fjármálagreininga lögreglu geta kveðið á um að gögn séu varðveitt umfram tímamörk 1. mgr. ef tilefni er til, þó ekki lengur en í fimm ár til viðbótar.

Hafi viðskiptamaður sætt aukinni áreiðanleikakönnun við upphaf viðskipta skal hún framkvæmd að nýju á að minnsta kost tveggja ára fresti.

### 12. gr. Tilkynningar

Byggðastofnun, starfsmenn og stjórnendur skulu tímanlega:

- a. tilkynna skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, með þeim hætti sem hún ákveður, um grunsamleg viðskipti og fjármuni sem grunur leikur á að rekja megi til refsiverðrar háttsemi,
- b. bregðast við fyrirspurnum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um viðbótarupplýsingar sem tengjast tilkynningum og
- c. veita skrifstofu fjármálagreininga lögreglu allar nauðsynlegar upplýsingar sem hún óskar eftir í tengslum við tilkynningar.

Ábyrgðarmaður sem tilnefndur er í samræmi við 34. gr. laga 140/2018 skal tryggja að tilkynningar skv. 1. mgr. séu sendar á skrifstofu fjármálagreininga lögreglu þess ríkis þar sem tilkynningarskyldur aðili er með staðfestu.

### 13. gr. Ábyrgðarmaður

Byggðastofnun skal skipa ábyrgðarmann skv. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 140/2018

Ábyrgðarmaður skal bregðast við öllum tilkynningum starfsmanna um grunsamlegt athæfi eða viðskipti svo fljótt sem unnt er. Athuga skal tilkynningu gaumgæfilega ásamt bakgrunni viðskipta og viðskiptamanns. Ábyrgðarmaður skal útbúa skriflega skýrslu um sérhverja athugun á grunsamlegum eða óvenjulegum viðskiptum, sem skal vera nægilega ítarleg til þess að unnt sé að átta sig á eðli

viðskiptanna og nota megi lýsinguna sem sönnunargagn í refsimáli. Ábyrgðarmaður leggur sjálfstætt mat á þær tilkynningar sem berast og tekur sjálfstæða ákvörðun um hvort tilkynning skuli send lögreglu. Í tilkynningu til lögreglu skal koma fram greinargóð lýsing á niðurstöðum athugunar, ásamt afriti af öllum nauðsynlegum upplýsingum. Þá skal einnig tilgreina þann frest sem Byggðastofnun hefur til að framkvæma viðskipti, ef þau hafa ekki verið framkvæmd, og ákveða í samráði við lögreglu hvort viðskipti skuli framkvæmd.

#### **14. gr. Fræðsla og endurskoðun**

Ábyrgðarmaður skal tryggja að starfsmenn Byggðastofnunar fái viðeigandi fræðslu um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglur þessar við upphaf starfs og með reglubundnum hætti á starfstímanum.

Byggðastofnun ber ábyrgð á að starfsmenn hennar framfylgi lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglum þessum. Stjórn staðfestir skipan ábyrgðarmanns skv. 34. gr.laga nr. 140/2018. Ábyrgðarmaður skal hafa eftirlit með framkvæmd reglna þessara og skal sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðla að góðri framkvæmd aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við lög og viðeigandi staðla.

Ábyrgðarmaður skal tryggja að yfirstjórn Byggðastofnunar sé nægilega upplýst um áhættur að því er varða peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, svo henni sé kleift að grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr og stýra slíkum áhættum. Ábyrgðarmaður skal veita stjórn skýrslu um framkvæmd reglna þessara eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en árlega.

Reglur þessar skal endurskoða eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

**Staðfest á fundi stjórnar Byggðastofnunar 24. september 2025**